

Viðskiptaskilmálar Auðhumlu svf. vegna mjólkurkaupa

Viðskiptaskilmálar þessir gilda um kaup Auðhumlu svf. (hér eftir „**kaupandi**“) á mjólk af framleiðanda (hér eftir „**seljandi**“) og eru grundvöllur að viðskiptasambandi aðila.

Skilmálarnir taka mið af búvörulögum nr. 99/1993, með síðari breytingum, einkum X. kafla um starfsskilyrði nautgriparæktar 2017-2026, lögum um matvæli nr. 93/1995, lögum um velferð dýra nr. 55/2013 og viðeigandi stjórnvaldsfyrirmælum settum með stoð í framangreindum lögum. Þá taka skilmálarnir mið af samkeppnislögum nr. 44/2005. Skilmálar þessir hafa verið kynntir Matvælastofnun, framkvæmdanefnd búvörusamninga, verðlagsnefnd búvöru og Samkeppniseftirlitinu.

Viðskiptaskilmálar þessir taka gildi 1. ágúst 2020 og falla eldri viðskiptaskilmálar kaupanda úr gildi samhliða.

1. Upphaf viðskiptasambands og gildistími skuldbindinga

Kaupandi er reiðubúinn að taka á móti mjólk frá öllum framleiðendum á Íslandi sem starfa í samræmi við framangreind lög og viðskiptaskilmála þessa hvort sem þeir eru félagar í kaupanda eða ekki.

Beiðni um viðskipti frá seljanda sem ekki hefur átt viðskipti við kaupanda áður skal bera fram skriflega. Á seljanda hvílir að færa sönnur á að hann hafi tilskilin leyfi til starfsemi sinnar. Í aðdraganda þess að viðskipti verða tekin upp skal kaupandi hafa aðgang að mjólkurtönkum seljanda hvenær sem er til gæðamælinga og eftirlits, einkum með það í huga að fyrsta mjólk sem vigtuð verði inn standist gæðakröfur og ákvæði laga og reglugerða um aldur mjólkur sem er vigtuð inn. Kaupandi skal framkvæma úttekt gæðaeftirlits á starfsemi seljanda og þarf starfsemin að standast lágmarkseinkunnina „Viðunandi ástand“ til að viðskiptasamband komist á og kaupandi taki á móti mjólk frá seljanda.

Skuldbindingar kaupanda og seljanda hvor gagnvart öðrum eru til eins árs í senn og miðast við áramót á sama hátt og ákvörðun greiðslumarks. Viðskiptasamband aðila framlengist sjálfkrafa til næstu áramóta nema því sé sagt upp með fjögurra (4) vikna fyrirvara. Uppsögnin skal vera skrifleg og miðast við áramót.

Seljandi getur sagt upp viðskiptum skriflega innan greiðslumarksársins með átta (8) vikna fyrirvara. Óski hann eftir að taka upp viðskipti við kaupanda að nýju innan þess sama greiðslumarksárs skal hann óska eftir því skriflega með átta (8) vikna fyrirvara. Það er á valdi kaupanda að taka ákvörðun um hvort viðskipti verða þá tekin upp. Á seljanda hvílir að færa sönnur á að hann hafi afsett/selt þá mjólk sem hann hefur framleitt á greiðslumarksárinu í samræmi við ákvæði búvörulaga og að hann hafi tilskilin leyfi til starfsemi sinnar. Í aðdraganda þess að viðskipti verða tekin upp að nýju skal kaupandi, á framangreindu átta (8) vikna tímabili, hafa aðgang að mjólkurtönkum seljanda hvenær sem er til gæðamælinga og eftirlits, einkum með það í huga að fyrsta mjólk sem vigtuð verði inn standist gæðakröfur og ákvæði laga og reglugerða um aldur mjólkur sem er vigtuð inn.

2. Framleiðslan sem viðskiptasamband kaupanda og seljanda nær til

Innan greiðslumarkarsársins, eða á meðan viðskiptasamband aðila og þar með skilmálar þessir eru í gildi, er kaupandi skuldbundinn til að taka á móti allri mjólk seljanda (greiðslumarksmjólk og umframmjólk), með þeim takmörkunum sem leiða af viðskiptaskilmálum þessum, og seljandi er skuldbundinn til að afhenda kaupanda alla framleiðslu sína, fyrir utan það sem hann tekur til eigin nota á heimili sínu og það sem lög heimila að sé unnið í heimavinnslu.

Þetta er nauðsynlegt til að afstemming á greiðslumarki og umframmjólk sé í samræmi við ákvæði búvörulaga, til að kaupandi geti skipulagt mjólkursöfnun og flutninga með hagkvæmasta hætti og til þess að kaupandi geti sinnt gæðaeftirliti með mjólk.

Verði breytingar á magni mjólkur sem seljandi afhendir kaupanda milli söfnunardaga, sem ekki verða útskýrðar með eðlilegum sveiflum í framleiðslu, getur kaupandi óskað ýmist skriflegra eða munnlegra skýringa frá seljanda.

Ef kaupandi telur að seljandi fari ekki að skilmálum þessum um afhendingu mjólkur eða grípi til málamyndageringa sem ætla megi að séu til þess gerðir að fara á svig við ákvæði búvörulaga getur kaupandi sagt upp viðskiptum við seljanda skriflega með fjögurra (4) vikna fyrirvara.

3. Verð og greiðsluskilmálar

Fyrir greiðslumarksmjólk greiðir kaupandi seljanda að minnsta kosti lágmarksverð á mjólk til framleiðanda eins og það er ákveðið af verðlagsnefnd búvara hverju sinni og byggja greiðslur á þurrefnishlutföllum í mjólk, að teknu tilliti til reglna um flokkun og verðfellingar mjólkur vegna líftölu, frumutölu, lyfjaleifa og frírra fitusýra (nú reglur nr. 1210/2016).

Fyrir umframmjólk, sem flytja ber á erlendan markað, sbr. 2. mgr. 52. gr. búvörulaga, greiðir kaupandi verð sem ákveðið er af stjórn kaupanda hverju sinni.

Kaupanda er heimilt að greiða gæðaálag fyrir úrvalsmjólk sem kemur til viðbótar því markaðsverði sem greitt er hverju sinni. Álagið er nú 2% af því afurðaverði sem viðkomandi framleiðandi hefði ella fengið greitt. Álag er ákveðið af stjórn kaupanda á hverjum tíma.

Greiðsla fyrir mjólk skal lögð inn á bankareikning seljanda tíunda hvers mánaðar eða næsta virka dag þar á eftir ef tíundi dagur mánaðar fellur á helgi eða frídag vegna innleggsmánaðarins þar á undan. Bankareikningur skal tilgreindur af hálfu seljanda við upphaf viðskipta.

4. Flutningskostnaður

Seljandi greiðir flutningskostnað sem ákveðinn er af stjórn kaupanda fyrir eitt ár í senn. Honum er jafnað út þannig að allir seljendur greiða sama verð fyrir flutning hvers lítra mjólkur.

5. Fyrirkomulag mjólkursöfnunar

Kaupandi skipuleggur mjólkursöfnun og sækir mjólk til seljanda. Skipulag mjólkursöfnunar er miðað við að ná fram hámarkshagkvæmni. Frávik frá skipulagi geta orðið að frumkvæði kaupanda eða seljanda af ástæðum sem rekja má til veðurs, ófærðar, sjúkdóma eða af öðrum ófyrirsjáanlegum ytri aðstæðum. Sá aðili sem óskar frávika skal gera hinum grein fyrir orsökum

Þess eins fljótt og verða má. Verði skipulagi breytt að ósk kaupanda þannig að safnað verði á öðrum dögum eða öðrum tímum en kynnt hafði verið skal kaupandi gera seljanda grein fyrir slíkum breytingum með hæfilegum og sanngjörnum fyrirvara. Komi fram ósk af hálfu seljanda um breytingar á skipulagi ræðst það af heildarhagkvæmni mjólkursöfnunar hvort unnt er að verða við slíkri ósk. Kaupandi skal gera seljanda grein fyrir afstöðu sinni til slíkrar óskar innan hæfilegs og sanngjarns tíma en þó ekki síðar en fjórum (4) vikum frá því að beiðni um slíkt berst.

6. Ábyrgð

Kaupandi ber ábyrgð á mjólk seljanda þegar hún er komin um borð í flutningatæki kaupanda.

7. Greiðslumark

Um heildargreiðslumark og greiðslumark lögbýla, innlausn greiðslumarks, sölu á innleystu greiðslumarki, nýtingu greiðslumarks, greiðslu út á greiðslumark, uppgjör greiðslna, útreikning á greiðslumarki lögbýla, tilkynningar um greiðslumark lögbýla og greiðslur út á innvegna mjólk fer samkvæmt ákvæðum reglugerðar um stuðning í nautgriparækt (nú II. og III. kafli reglugerðar nr. 1150/2016).

8. Lífrænt vottuð mjólk

Kaupandi kaupir lífrænt vottaða mjólk frá seljanda, sem hefur fengið vottun um lífræna framleiðsluaðferð frá vottunarstofu með faggildingu, auk þess að hafa gilt starfsleyfi frá Matvælastofnun til lífrænnar framleiðslu, sbr. 4. gr. laga nr. 162/1994 um lífræna landbúnaðarframleiðslu.

Kaupandi gerir í upphafi hvers greiðslumarksárs áætlun um markað fyrir lífræna mjólk, með svipuðum hætti og gert er varðandi almenna greiðslumarksmjólk á innanlandsmarkaði. Kaupandi skuldbindur sig gagnvart seljendum til að greiða þeim álag á afurðaverð innlagðrar lífrænnar mjólkur samkvæmt eigin gjaldskrá. Álagsgreiðslur verða í hlutfalli við greiðslumark þeirra að því marki sem markaður er fyrir slíka mjólk. Fyrir aðra lífræna mjólk innan greiðslumarks er greitt afurðaverð og fyrir umframmjólk frá seljendum lífrænnar mjólkur verður greitt almennt umframmjólkurverð.

Kaupandi getur tilkynnt aukningu á eftirspurn lífrænnar mjólkur innan verðlagsársins ef aukning verður í sölu. Verði eftirspurn innanlands fyrir lífræna mjólk umfram áætlun viðkomandi árs verður greidd uppbót sem því nemur í árslok. Ef framleiðsla lífrænnar mjólkur er umfram eftirspurn á markaði mun kaupandi ekki greiða álag til nýrra seljenda fyrr en markaðslegar forsendur til þess skapast. Seljendur sem hyggjast skipta úr venjulegri framleiðslu í lífræna framleiðslu skulu tilkynna kaupanda um slíkt skriflega í ábyrgðarbréfi með að minnsta kosti tuttugu og sex (26) mánaða fyrirvara.

9. Starfsleyfi seljanda og heimild til aðgangs að eftirlitsgögnum Matvælastofnunar

Viðskipti með mjólk milli kaupanda og seljanda eru háð því að seljandi hafi starfsleyfi frá Matvælastofnun samkvæmt 9. gr. laga nr. 93/1995 um matvæli og hafi staðist úttekt stofnunarinnar samkvæmt 12. gr. laga nr. 55/2013 um velferð dýra.

Matvælastofnun hefur eftirlit með starfsemi seljanda á grundvelli laga nr. 93/1995 um matvæli og laga nr. 55/2013 um velferð dýra. Viðskipti með mjólk milli kaupanda og seljanda eru háð

Því að seljandi veiti kaupanda heimild til aðgangs að eftirlitsgögnum Matvælastofnunar sem til verða við eftirlit stjórnvaldsins á grundvelli framangreindra laga. Seljandi skal undirrita heimild þess efnis og afhenda kaupanda fyrir upphaf viðskipta. (Fylgiskjal nr. 1)

Verði seljandi sviptur starfsleyfi á grundvelli laga nr. 93/1995 um matvæli eða starfsemi hans stöðvuð eða takmörkuð eða hann sviptur vörslu dýra á grundvelli laga nr. 55/2013 er kaupanda heimilt að hætta þegar í stað móttöku mjólkur frá honum. Kaupandi skal tilkynna seljanda um slíka ákvörðun án dráttar og greina honum skýrlega frá því hvaða úrbætur hann telur nauðsynlegar svo móttaka mjólkur frá seljanda geti hafist á ný. Hafi seljandi ekki fengið starfsleyfi frá Matvælastofnun á ný eða gert viðeigandi ráðstafanir innan fjögurra (4) vikna getur kaupandi sagt upp viðskiptum við seljanda skriflega með fjögurra (4) vikna fyrirvara.

Hætti kaupandi móttöku mjólkur frá seljanda í samræmi við framangreint skal hann allt að einu greiða seljanda fyrir þá mjólk sem hann ella hefði lagt inn í allt að fjórar (4) vikur frá þeim degi sem kaupandi tilkynnir seljanda um að móttöku mjólkur sé hætt.

10. Úttekt gæðaeftirlits kaupanda

Viðskipti með mjólk milli kaupanda og seljanda eru háð því að seljandi heimili gæðaeftirliti kaupanda að framkvæma úttekt á starfsemi hans. Slík úttekt lýtur að matvælaöryggi og ásýnd, og er markmið hennar að tryggja neytendum öruggar afurðir sem eru heilsueflandi, næringarríkar og lausar við smit- og aðskotaefni og koma frá gripum sem hafa verið aldir upp og haldið við góða dýravelferð sem og að ásýnd bús sé með þeim hætti að almennir neytendur vilji kaupa afurðir sem þar eru upprunnar. (Fylgiskjal nr. 2).

Úttekt gæðaeftirlits kaupanda samkvæmt framangreindu skal að jafnaði fara fram annað hvert ár. Niðurstöður úttektar geta verið sem hér segir: Ágætt, Gott, Viðunandi eða Ábótavant.

Seljandi getur óskað eftir því að ný úttekt fari fram fyrr og mun kaupandi verða við slíkri ósk svo fljótt sem auðið er.

Hljóti starfsemi seljanda lægri einkunn en "Viðunandi ástand" í úttekt gæðaeftirlits kaupanda tvö skipti í röð er kaupanda heimilt að hafna viðtöku mjólkur frá seljanda þar til viðeigandi úrbætur hafa verið gerðar. Kaupandi skal tilkynna seljanda um slíka ákvörðun þegar í stað og greina honum skýrlega frá því hvaða úrbætur eru nauðsynlegar. Hafi seljandi ekki gert viðeigandi ráðstafanir innan fjögurra (4) vikna er kaupanda heimilt að hætta viðskiptum við seljanda með fjögurra (4) vikna fyrirvara.

11. Gæðamælingar

Kaupandi hefur eftirlit með gæðum mjólkur frá seljanda með almennu eftirliti og staðfestingu á aldri mjólkur í tönkum. Kaupandi gerir að auki mælingar á gæðum mjólkur frá seljanda með sýnatöku í samræmi við reglugerð um mjólkurvörur (nú reglugerð nr. 851/2012) og reglur um flokkun og verðfellingar mjólkur vegna líftölu, frumutölu, lyfjaleifa og frírra fitusýra (nú reglur nr. 1210/2016).

Standist mjólk ekki gæðakröfur um líftölu samkvæmt 1. flokki (sbr. reglur nr. 1210/2016) er seljanda gefinn kostur á að bæta úr. Skirrist seljandi við að bæta úr og gæði mjólkur ná ekki settum gæðamörkum samkvæmt 1. flokki þrisvar í röð getur kaupandi hafnað innihaldi mjólkurtanks. Kaupandi skal tilkynna seljanda um slíka ákvörðun án tafar. Hafi kaupandi hafnað mjólk vegna þess að hún nær ekki settum gæðamörkum þrisvar sinnum innan eins (1)

mánaðar er honum heimilt að segja upp viðskiptum við seljanda skriflega með fjögurra (4) vikna fyrirvara.

Ef sýni sem tekið er í eftirfylgni gæðaeftirlits, mælist í 3. flokk vegna líftölu, skal móttöku mjólkur umsvifalaust hafnað, þar til úr hefur verið bætt.

12. Aðgengi flutningatækja að afhendingarstað mjólkur og aðstaða

Seljanda ber að tryggja að afleggjari heim að bæ og innvigtunarhlað þoli fullhlaðinn tankbíl. Seljanda ber jafnframt að tryggja að aðstaða til mjólkursöfnunar sé með þeim hætti að tankbílstjóri geti safnað mjólk allt árið án þess að stofna heilsu og öryggi sínu eða annarra í hættu, verða fyrir töfum eða tefla tækinu í tvísýnu.

Til að tryggja að tankbíl komist að innvigtunarsvæði án vandkvæða þarf leiðin að vera greið. Með því er átt við að hæðin sé a.m.k. fjórir (4) metrar og snúningssvæðið a.m.k. tuttugu og þrír (23) metrar í þvermál en það er nauðsynlegt til þess að þrettán (13) metra langt tæki geti snúið við án vandkvæða. Æskilegt er að tankbíl geti komið og farið án þess að bakka.

13. Fyrirvarar, athugasemdir og uppsagnir og breytingar á skilmálunum

Alla fyrirvara, athugasemdir eða uppsagnir viðskiptasambands kaupanda og seljanda skal gera skriflega og senda í ábyrgðarpósti með tilskildum fyrirvara.

Skilmálar þessir eru sendir öllum núverandi viðskiptamönnum kaupanda og birtir á heimasíðu hans. Stjórn kaupanda getur ákveðið breytingar á viðskiptaskilmálum þessum. Gera skal seljanda grein fyrir slíkum breytingum með fjögurra (4) vikna fyrirvara og birta upplýsingar um breytingarnar á heimasíðu félagsins. Þó má víkja frá þessum fyrirvara ef sérstakar knýjandi ástæður eru fyrir hendi.

14. Atburðir utan áhrifavalds

Hvorki kaupandi né seljandi telst hafa brotið viðskiptaskilmála þessa ef aðstæður sem eru utan áhrifavalds viðkomandi (l. force majeure) hindrar hann í að uppfylla skilmála þessa. Ef annar hvor aðili viðskiptanna getur ekki vegna slíkra aðstæðna uppfyllt skilmálana lengur en sem nemur fjórum (4) vikum getur hvor fyrir sig sagt upp viðskiptum án sérstaks fyrirvara. Ef slíkar aðstæður koma upp þrisvar eða oftár á sex (6) mánaða tímabili getur hvor aðili fyrir sig sagt upp viðskiptum með þriggja (3) mánaða fyrirvara.

Selfossi í júní 2020

Fh. Auðhumlu svf.



Garðar Eiríksson, framkvæmdastjóri